

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 8. febrúar 2022 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

*Breyting á deiliskipulagi Kjóavalla.*

Breytingin nær til fyrirhugaðrar hesthúsabyggðar í Rjúpnahæð, sem liggur milli gamla Andvarasvæðisins og Markavegar. Lóðir hafa verið auglýstar til úthlutunar og er lóðastærðum breytt til samræmis við seldar lóðir. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Húsum fækkar úr 56 í 53.
2. Uppröðun og stærð lóða breytist lítillega.
3. Hlutfall einbýlis- og parhúsa breytist.
4. Húsnúmer breytast og skiptast parhúsalóðir í a- og b-hluta.
5. Byggingarreitur fyrir tengibyggingu kemur milli lóða við Sunnuvelli 4-6.
6. Dreifistöð færast til norðurs, nær Stjörnuvöllum.
7. Reiðleið meðfram Markavegi og Elliðavatnsvegi færast fjær vegum vegna aðlögunar að landi.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 6. maí 2022.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 6. maí 2022